



Reykjavík, 13. apríl 2026

MSS25020124

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Velferðasvið

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðstjóri velferðasviðs

Efni: Forgangsröðun tillagna stýrihóps um forvarnir og aðgerðir gegn ofbeldi barna og ungmenna sem vísað var til velferðarráðs

Á fundi velferðarráðs 19. janúar 2026 var lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 18. desember 2025, þar sem tillögum stýrihóps um forvarnir og aðgerðir gegn ofbeldi barna og ungmenna nr. 1.3A, 1.5B, 1.6A, 1.6B, 2.2 og 3 var vísað til velferðarráðs til frekari meðferðar. Jafnframt var lögð fram skýrslan *Tillögur stýrihóps um forvarnir og aðgerðir gegn ofbeldi barna og ungmenna*, dags. 17. nóvember 2025.

Á fundi skóla- og frístundaráðs 12. janúar 2026 var tillögu 1.3D vísað til velferðarráðs, með þeim fyrirvara að hún yrði unnin í samstarfi við skóla- og frístundasvið og menningar- og íþróttasvið.

Ein aðgerð sem var undir aðgerðum merktum nr. 2 var vegna mistaka ómerkt. Sú aðgerð fjallar um teymi til að vinna með bekkjarmenningu og foreldrahópum, heyrir undir velferðasvið og er hér nefnd tillaga 2.5.

Í meðfylgjandi skjali er að finna tillögu sviðsins að forgangsröðun tillagnanna og tímasetningu aðgerða.

Af þeim átta aðgerðum sem vísað var til velferðasviðs eru þrjár þegar í innleiðingu og hefur þeim verið forgangsraðað án viðbótarfjármagns. Um er að ræða eftirfarandi tillögur:

- **1.6B:** Tryggja sumarstörf fyrir 17 ára ungmenni í viðkvæmri stöðu
- **2.2:** Úrræði fyrir börn sem beita ofbeldi – Púlsinn, bráða- og viðbragðsteymi
- **3:** Nýta MST (fjólkerfameðferð fyrir börn með hegðunar- og vímuefnavanda) fyrr í ferlinu

Velferðasvið telur sig jafnframt geta innleitt eftirfarandi tillögur án viðbótarfjármagns:

- **1.3D:** Markviss kynning á jaðaríþróttum
- **1.6A:** Aukið framboð fyrir ungmenni utan skóla og vinnu – vinnuhópur



Reykjavík



Þrjár tillögur krefjast viðbótarfjármagns til að sviðið geti hrint þeim í framkvæmd. Mat sviðsins er að þeim skuli forgangsraðað með eftirfarandi hætti:

- **1.3A:** Þjálfun lykilaðila sem vinna með börnum og ungmennum (stuðningur við drengi í viðkvæmri stöðu) kostnaður er 2,5 m.kr. á ári
- **2.5:** Teymi til að vinna með bekkjarmenningu og foreldrahópum. Áætlaður kostnaður er 12,6 m.kr. á ári.
- **1.5B:** Ráðning menningarmiðlara á miðstöðvar. Áætlaður kostnaður er 64,2 m.kr. á ári.

Virðingarfyllst,
Rannveig Einarsdóttir
sviðstjóri velferðasviðs

